Um bótaskyldu ríkisins samkvæmt dómum um makrílkvóta

Í Héraðsdómi Reykjavíkur voru hinn 6. júní sl. kveðnir upp tveir dómar þar sem íslenska ríkið var dæmt til að greiða sitt hvoru útgerðarfélaginu háar fjárhæðir vegna tjóns sem fyrirtækin höfðu orðið orðið fyrir vegna ólögmætra skerðinga á aflaheimildum í makríl á árunum 2011 til 2018.



Ragnar Halldór Hall

Sjónarmið fjármála- og efnahagsráðherra

Fjármálaráðherra hefur farið mikinn í umfjöllun um þessa dóma og beinlínis hrakyrt útgerðarfélögin í ræðu og riti fyrir að þau skuli yfirleitt leyfa sér að leita réttar síns vegna þessara atvika.

Í færslu sem ráðherrann birti á Facebook í kjölfar uppkvaðningar dómanna segir m.a.:

„Nokkur orð vegna nýfallins dóms um makrílkvóta. Kjarni þessa máls varðar þau mörk sem stjórnvöldum eru sett að lögum um úthlutun aflaheimilda, í þessu tilfelli í makríl. Takmarka þurfti sókn í stofninn eftir að hann fór að veiðast í miklu magni innan lögsögunnar og hámarka virði veiðanna fyrir þjóðarbúið."

Þetta er fráleit skilgreining á kjarna málsins. Í makrílmálunum var ekki deilt um þá staðreynd að nauðsynlegt hefði verið að takmarka sókn í makríl. Um það giltu settar lagareglur. Hin bótaskylda háttsemi fólst í því að sjávarútvegsráðherrar á árunum 2011 til 2018 ákváðu – með reglugerðum – að fara ekki eftir lagareglunni um úthlutun veiðiheimildanna. Þannig skertu þeir úthlutun til sumra til þess að geta eftir geðþótta sínum fært heimildirnar til annarra. Þetta er hinn raunverulegi kjarni málsins.

Fjármálaráðherra heldur áfram:

„Samkvæmt dómum Hæstaréttar var kökunni ekki skipt rétt á milli þeirra sem sóttust eftir aflaheimildum í makríl á sínum tíma. Ríkið hafði hins vegar engan ávinning af hinni röngu úthlutun. Dæmdur missir hagnaðar útgerðarinnar sem sótti bætur í þessu máli er því ekki ávinningur ríkisins í neinu samhengi, enda hélt það ekki eftir neinum heimildum. Þeir sem höfðu ávinning af úthlutun heimildanna, eins og þær voru ákvarðaðar, eru aðrir sem stundað hafa makrílveiðar undanfarinn rúman áratug."

Þarna er fjármálaráðherra að nálgast raunveruleikann. Hæstiréttur hefur dæmt að kökunni var ekki rétt skipt – það var ekki farið eftir réttum reglum við úthlutun veiðiheimildanna.

En ráðherrann heldur áfram:

„Allur hagnaður af makrílveiðum hefur þannig orðið eftir í greininni sjálfri, ekki hjá ríkissjóði. Og ríkið á enga möguleika á endurgreiðslu eða bótakröfu á þá sem fengu of miklu úthlutað miðað við niðurstöður dómstóla. Í eðli sínu er málið því innbyrðis barátta útgerðanna um úthlutun aflaheimilda."

Þarna fer ráðherrann aftur út af sporinu.

Útgerðirnar hafa ekki barist innbyrðis um úthlutun aflaheimildanna. Reglurnar um úthlutunina voru ákveðnar af Alþingi og í þeim reglum var ekkert framsal ákvörðunarvalds til annarra stjórnvalda. Ráðherrar fylgdu einfaldlega ekki settum lögum.

> Þannig skertu þeir úthlutun til sumra til þess að geta eftir geðþótta sínum fært heimildirnar til annarra. Þetta er hinn raunverulegi kjarni málsins.

Enn heldur ráðherra áfram:

„Ef niðurstaðan í þessu máli verður sú að ríkið skuli greiða bætur er ágætt að hafa í huga að ríkið er ekki sjálfstæð uppspretta tekna. Tekjur ríkisins eru skattgreiðslur fólks og fyrirtækja.

Það er í mínum huga réttlætismál að sá reikningur verði ekki sendur á almenna skattgreiðendur í landinu. Sanngirnismál er að það verði þá veiðarnar sjálfar sem á endanum standa undir slíkum reikningi, með einum eða öðrum hætti."

Hér hefur fjármálaráðherra beinlínis í hótunum við aðila sem hafa orðið fyrir tjóni og sækja rétt sinn á hendur tjónvaldinum.

Makrílkvóti og pólitík

Upphaf málareksturs á hendur íslenska ríkinu má rekja til þess er sjávarútvegsráðherra gaf út reglugerð 4. mars 2011, nr. 233/2011. Með henni tók hann hluta af aflaheimildum frá ákveðnum útgerðum og færði hann öðrum sem ekki áttu rétt á slíkri úthlutun. Eftir þetta var samskonar reglugerð sett árlega allt til ársins 2018, sem hér segir:

1. reglugerð 233, 4. mars 2011 – Sjávarútvegsráðherra Jón Bjarnason í ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur.
2. reglugerð 329, 4. mars 2012 – Sjávarútvegsráðherra Steingrímur J. Sigfússon í ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur.
3. reglugerð 327, 12. apríl 2013 – Sjávarútvegsráðherra Steingrímur J. Sigfússon í ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur.
4. reglugerð 376, 16. apríl 2014 – Sjávarútvegsráðherra Sigurður Ingi Jóhannsson í ríkisstjórn Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar.
5. reglugerð 532, 16. júní 2015 – Sjávarútvegsráðherra Sigurður Ingi Jóhannsson í ríkisstjórn Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar.
6. reglugerð 284, 6. apríl 2016 – Sjávarútvegsráðherra Sigurður Ingi Jóhannsson í ríkisstjórn Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar.
7. reglugerð 295, 5. apríl 2017 – Sjávarútvegsráðherra Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir í ríkisstjórn Bjarna Benediktssonar.
8. reglugerð 351, 10. apríl 2018 – Sjávarútvegsráðherra Kristján Þór Júlíusson í ríkisstjórn Katrínar Jakobsdóttur.

Voru ráðherrar í góðri trú?

Eftir að fyrsta reglugerðin var sett leituðu útgerðarfélög til umboðsmanns Alþingis með kvörtun vegna skerðingar á aflaheimildum. Niðurstaða umboðsmanns lá fyrir 30. apríl 2014 og var afdráttarlaus: Reglugerðin var andstæð lögum og því var beint til ráðuneytisins að haga stjórnsýslu sinni í samræmi við þá niðurstöðu.

Sjávarútvegsráðherra fór ekkert eftir þessu áliti og bæði þáverandi og síðari ráðherrar á þessu árabili héldu uppteknum hætti. Augljóst mátti vera að bótaskylda skapaðist vegna þessa gagnvart þeim aðilum sem skerðingunni sættu.

Um bótaskyldu, greiðsluskyldu og pólitík

Eins og fram kemur í hinum tilvitnaða pistli fjármálaráðherra liggur fyrir dómur Hæstaréttar um að reglugerðasetningar þessar hafi verið andstæðar settum lögum. Ráðherrann barmar sér undan því að ríkissjóður þurfi að greiða tjónþola bætur þegar þannig stendur á. Hann boðar að viðkomandi fyrirtæki skuli fá að borga bæturnar til baka ef þau falla ekki frá bótakröfum sínum.

Hér hefur tjónvaldurinn í heitingum við tjónþolann. Hvenær ætli það hafi gerst að ríkissjóður hafi krafið tjónþola um bætur í tilvikum þar sem ríkið hefur verið dæmt til að greiða bætur?

Það er nú þannig, hvort sem fjármálaráðherra áttar sig á því eða ekki eftir setu í ríkisstjórn í meira en áratug, að það eru stjórnmálamenn sem senda ríkissjóði reikninginn þegar ólögmætar geðþóttaákvarðanir þeirra hafa í för með sér bótaskyldu. Um það eru ótrúlega mörg dæmi á undanförnum árum að stjórnmálamenn leyfa sér að vera „góðir" þegar þeir geta látið ríkissjóð borga góðverkin.

Að endingu þetta: Það skyldi þó aldrei verða svo að svokallað tímabundið bann við hvalveiðum verði efniviður í enn aðra sendingu til skattborgara landsins?

Höfundur er lögmaður og flutti bótamál Vinnslustöðvarinnar hf. gegn íslenska ríkinu fyrir héraðsdómi.